

**96. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fjarfundi,  
15. apríl 2021 og hófst hann kl. 18:15.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Ingbór B. Þórhallsson aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, skrifstofustjóri.

Fundurinn fer fram í fjarfundi. Í lok hans samþykkja fundarmenn fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fyrir tekið:**

**1. 1908216 - Málefni Bókasafns og Héraðsskjalasafns**

Halldóra Jónsdóttir bæjarbókavörður og Erla Dís Sigurjónsdóttir héraðsskjalavörður kynna það helsta sem framundan er árið 2021.

*Nefndin þakkar Halldóru og Erlu fyrir greinagóða yfirferð á starfsemi safnanna.*

**2. 2102119 - Staða verkefna á Byggðasafninu í Görðum**

Skrifstofustjóri kynnir stöðu helstu verkefna á Byggðasafninu í Görðum.

Jónella Sigurjónsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Skrifstofustjóra er þakkað fyrir greinagóða yfirferð um helstu verkefni á safninu. Stefnt er að opnun safnsins 15. maí næstkomandi.*

**3. 2103115 - Menningarstefna Akraness - aðgerðaráætlun 2021-2023**

Áframhaldandi endurskoðun á aðgerðaráætlun menningarstefnu Akraness.

*Nefndin hefur yfirfarið aðgerðaráætlun menningarstefnu Akraness fyrir árið 2021-2022. Nefndin hyggst endurskoða áætlunina árlega framvegis.*

*Jónella Sigurjónsdóttir vísar af fundi að þessum fundarlið loknum.*

**4. 2012201 - Menningar- og safnamál - Starfsáætlun 2021**

Skrifstofustjóri kynnir stöðu helstu mála heilt yfir málaflokkinn.

*Skrifstofustjóra er þakkað fyrir greinagóða yfirferð.*

**5. 2104123 - Bæjarlistamaður Akraness 2021**

Skrifstofustjóri leggur til að opnað verði fyrir tilnefningar um Bæjarlistamann Akraness 2021 meðal íbúa.

*Nefndin samþykkir að opna fyrir rafrænar tilnefningar frá íbúum í gegnum vef Akraneskaupstaðar um bæjarlistamann Akraness fyrir árið 2021.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:40.**